

ANTIKA EHF 2024

Brekkukot

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Póra Margrét Hallgrímsdóttir





Mynd 1. Skráningarsvæðið er blái punkturinn á kortinu.

Forsíðumynd: Yfirlitsmynd tekin af skráningarsvæði frá Þrívörðu

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Þóra Margrét Hallgrímsdóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-55-0

Verkefnanúmer MÍ: 3343

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf. og Þóra Margrét Hallgrímsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Fornleifaskráning	6
Skráningarsvæðið	7
Tilgangur fornleifaskráningar	7
Fornleifaskráning og aðferðir	10
Minjanúmer	10
Tegund, hlutverk og heiti	11
Staðsetning	12
Staðhættir og lýsing	12
Hættumat	12
Mótvægisáðgerðir	13
Fornleifar á svæðinu	13
Brekkukot [221]	14
Skjóðu-Jónsvarða [3343-200] landamerki	15
Varða [3343-201] óþekkt	15
Þrívarða/Þrívörður [3343-202] og [3343-203] landamerki, [3343-206] heimild	17
Leið [3343-204] hleðsla	17
Leið [3343-205] gata	19
Samantekt og niðurstöður	19
Heimildir	21

Árnastofnun – Örnefnasafn	21
Þjóðskjalasafn Íslands.....	21

Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarsvæðið er blái punkturinn á kortinu.	2
Mynd 2. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu og fornleifum.	6
Mynd 3. Skráningarform á Vesturlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.	11
Mynd 4. Fornleifar á skráningarsvæðinu.	13
Mynd 5. Skjóðu-Jónsvarða [200]; horft norður.	14
Mynd 6. Varða [201]; horft suður.	15
Mynd 7. Varða [203]; horft norður.	16
Mynd 8. Þrívarða [202]; horft suður.	16
Mynd 9. Hleðsla [204]; horft norðaustur.	18
Mynd 10. Leið [205] séð ofan frá; horft norðvestur.	18

Inngangur

Að beiðni Halldórs Karls Þórissonar, fyrir hönd landeigenda Brekkukots, tók Þóra Margrét Hallgrímsdóttir, fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags. Skráning nær yfir þann hluta jarðarinnar sem liggur austan við Borgarfjarðarbraut.

Skráningin fékk verknúmerið 3343 hjá Minjastofnun Íslands. Á svæðinu voru skráðar fimm vörður, hleðsla og leið.


Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Ólöf Guðmundsdóttir ábúandi veitti ýmsar upplýsingar um staðhætti við skráninguna og er henni þakkað fyrir.

Skýrsluhöfundur sá um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráning

Þetta er í fyrsta sinn sem fornleifar eru skráðar á svæðinu austan við Borgarfjarðarbraut í Brekkukoti. Fornleifastofnun Íslands hefur áður skráð fornleifar á hluta lands Brekkukots en það svæði er vestan við Borgarfjarðarbraut, á milli Hvítár og bæjarhúsa.¹ Gengið var skipulega um svæðið og leitað að minjum eins og krafist er samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands. Allar minjar voru staðsettar og mældar upp á vettvangi.



Mynd 2. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu og fornleifum.

¹ Ágústa Edwald, Birna Lárusdóttir o fl., *Holtavörðuheiðarlína 1: Fornleifaskráning vegna úttekta á línukostum*, 2023

Skráningarsvæðið

Landamerkjalyásing jarðarinnar frá árinu 1890 hljóðar svo: „Marki (sic) úr gróf við Hvítá beint í Hrossaklett og sömu stefnu í vörðu á melunum fyrir vestan Hurðarbaksfellin, frá vörðunni vestur stallana í vörðu, sem er fyrir norðan Deildartungu, frá þeirri vörðu beina stefnu í vörðu á ásnunum frá Peningskurði (2 torfvörður eru á mýrinni milli þessara merkja) sömu stefnu í vörðu á neðri vörðuásenda og þaðan í Gíslagróf; krossmark er höggvið á hjá 3ur síðastnefndum grjótvörðum, svo eru merki úr Gíslagróf, sem Hvítá nú rennur og ræður upp að fyrstnefndri gróf.“²

Landamerki Brekkukots hafa haldist óbreytt en skráningarsvæðið nær aðeins yfir þann hluta jarðarinnar sem liggur austan megin við Borgarfjarðarbraut. Mörk svæðisins liggja til suðausturs frá veginum, meðfram landi Hurðarbaks og upp að vörðum á hornmerkjum. Þaðan liggja mörkin til suðvesturs yfir Stallana, þar sem Brekkukot og Deildartunga mætast, og aftur að vegi. Til norðurs í gegnum svæðið lá gamall þjóðvegur sem nú er einkavegur upp að Brekkuhvammi, íbúðarhúsi á svæðinu. Halli er á svæðinu úr suðaustri niður að Borgarfjarðarbraut. Á svæðinu eru melar sem græddir hafa verið upp. Mikið er um lággróður, einkum ofar í brekkunum, og talsverð trjárækt hefur einnig farið fram.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna,

² Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu II [1923-1993].

bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmunum fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætla og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrsla um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Brekkukot. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Þrívarða [3343-202], síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Vesturlandi.

200, Skjóðu-Jónsvarða, Arkeologiska object

AttributesTextRelationsGeo ObjectsDocumentsEvents

Attribute	Value
Id	200
Name	Skjóðu-Jónsvarða
Class	Arkeologiska object
eldra_minj_id	Ekki skráð áður
minj_id	3343-200
verkefna nr	3343
Sérheiti	Skjóðu-Jónsvarða
bæjarnafn	Brekkukot
jarðatal johnsen	221
yfirflokkun	landbúnaðarminjar
tegund	varða
efni	grjót
verndun	friðað
lengd	
breidd	
veggjahæð frá	0.6
veggjahæð til	0.6
breidd veggjar	
Athugasemdir	Varðan hefur verið hlaðinn upp aftur
umhverfi	klettur/klappir
aldur_fra	900
aldur_til	1900
skráning	Þóra M. Hallgrímsdóttir
mæling	uppmæling
heimsott	24.09.2024
horfin	nei
horfin_astæða	<None>
hættumat	engin hætta
hættuorso	<None>
hætta_tilfni	engin hætta
ástand	greinanlegar
minjagildi	mikið
Verkefni	Fornleifaskráning vegna deiliskipulags
sveitarfélag	Borqarbyqqð
Hlutverk	Landamerki

Mynd 3. Skráningarform á Vesturlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis vörðu. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis leið [3343-205].

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Vesturlands. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat


Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa einar fornleifar horfið eða sjást ekki á yfirborði og eru því eingöngu þekktar af heimildum.

Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

Fornleifar á svæðinu



Mynd 4. Fornleifar á skráningarsvæðinu.

Brekkukot [221]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* kemur fram að árið 1708 var jörðin metin 12 hundruð og var og hafði lengi verið hjáleiga frá Deildartungu. Eigendur jarðarinnar voru Þorgeir Jónsson og kona hans, Margret Guðmundsdóttir, en ábúandinn var Björn Sigurðsson. Bústofninn taldi fimm kýr, eina kvígu að fyrsta kálfi, tvær veturgamlar, einn kálf, 38 ær, fimm sauði tvívetra og eldri, 19 veturgamla sauði, tvö hross og eina unghryssu. Torfrista og stunga voru næg, reiðingsrista sæmileg, móskurður til eldiviðar nægur en rifhrís lítið. Lax- og silungsveiðivon var nokkur í Reykjadalsá.³ Í *Jarðatali* Johnsen árið 1847 var Brekkukot líka talið 12 hundruð. Jörðin var þá komin í bændaeign og ábúandi var einn leigjandi.⁴

Í Brekkukoti búa nú Þorvaldur Jónsson og Ólöf Guðmundsdóttir en þau tóku við búinu árið 1990. Örnefnalýsingar jarðarinnar byggja á vitneskju móður Ólafar, Laufeyjar Hannesdóttur, og afa, Hannesar Jónssonar.



Mynd 5. Skjóðu-Jónsvarða [200]; horft norður.

³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, IV, 1927, 237-238.

⁴ Johnsen, 1847, 116.

Skjóðu-Jónsvarða [3343-200] landamerki

Samkvæmt örnefnalýsingu stendur Skjóðu-Jónsvarða á merkjum móti Deildartungu.⁵ Ólöf Guðmundsdóttir segir gömlu vörðuna hafa hrunið og að þessi hafi verið hlaðin í hennar stað á síðustu árum. Ekki er vitað hvaðan nafn vörðunnar kemur. Varðan er um 0,6 m á hæð og er vel sýnileg þar sem hún stendur á kletti austan við gamla þjóðveginn.



Mynd 6. Varða [201]; horft suður.


Varða [3343-201] óþekkt

Aðeins nokkra metra í suður frá Skjóðu-Jónsvörðu [200] stendur önnur varða. Hún er kringlótt og aðeins 0,4 m á hæð; ef kletturinn sem hún stendur á er talinn með nær hún 1 m hæð. Varðan er nýleg en samkvæmt Ólöfu var hún hlaðin á sama tíma og Skjóðu-Jónsvarða var endurhlaðin. Varðan telst því ekki til fornleifa.

⁵ Ö-Brekkukot AG.



Mynd 8. Þrívarða [202]; horft suður.



Mynd 7. Varða [203]; horft norður.

Þrívarða/Þrívörður [3343-202] og [3343-203] landamerki, [3343-206] heimild

Í örnefnalýsingu Brekkukots er talað um Þrívörðu þar sem hornmerki eru milli Deildartungu, Grafar, Hurðarbaks og Brekkukots.⁶ Í landamerkjalyýsingu Brekkukots frá 1890 er einnig minnst á eina vörðu.⁷ Örnefnalýsing Deildartungu talar hins vegar um Þrívörður á þessum hornmerkjum⁸ og það sama kemur fram í landamerkjalyýsingu Deildartungu frá 1885.⁹

Tvær vörður standa á hæð við hornmerkin en þaðan er gott útsýni til allra átta. Eystri varðan [202] er kölluð Þrívarða af íbúum Brekkukots. Efri hluti Þrívörðu er hrunin, hún er þó um 0,7 m á hæð og vel sýnileg frá þjóðvegi. Um tíu metrum vestar er önnur varða [203]. Sú er í verra ásigkomulagi og aðeins eru eftir fáeinir grjóthnullungar úr undirstöðum hennar. Varðan nær mest 0,45 m hæð.

Nokkuð er um laust grjót á svæðinu í kringum vörðurnar og því getur talist líklegt að þarna hafi eitt sinn staðið þrjár vörður, Þrívörður sem greint er frá í heimildum, og að þriðja varðan [206] sé hrunin og ekki lengur sýnileg. Vörðurnar hafa töluvert minjagildi, einkum sú heillegri, Þrívarða [202].

Leið [3343-204] hleðsla

Undir gamla þjóðveginum, sem nú er einkavegur sem liggur upp að Brekkuhvammi, er hleðsla. Hún gegnir því hlutverki að hækka veginn upp yfir ójafnt undirlag. Samkvæmt Ólöfu var hún hlaðin af Hannesi Jónssyni þegar vegurinn var lagður. Hvenær það var er ekki ljóst en líklega var það á öðrum eða þriðja áratug 20. aldar. Hleðslan gæti því verið á mörkum þess að teljast til fornleifa.

Hleðslan er vel gróin og því er erfitt að segja til um umfang en lengd hennar er í það minnsta 27 m og þar sem hún er hæst er hún að minnsta kosti 1,6 m á hæð. Hleðslan er í góðu ásigkomulagi og hefur töluvert minjagildi.

⁶ Ö-Brekkukot AG.

⁷ Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu II [1923-1993].

⁸ Ö-Deildartunga AG.

⁹ Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu I [1922-1923].



Mynd 9. Hleðsla [204]; horft norðaustur.



Mynd 10. Leið [205] séð ofan frá; horft norðvestur.

Leið [3343-205] gata

Leið beygir til norðurs frá Borgarfjarðarbraut og liggur neðan eða vestan við, og nokkuð samhliða gamla þjóðveginum, í um 130 m. Hún er vel greinileg bæði á vettvangi og loftmynd og er einnig sýnileg á loftmynd frá 1946.¹⁰ Leiðin hefur nokkurt minjagildi.

Samantekt og niðurstöður

Samtals voru skráðar sjö minjar á skráningarsvæðinu í landi Brekkukots, ein þeirra telst ekki til fornleifa og ein er á mörkunum. Minjarnar eru sýnilegar á vettvangi fyrir utan eina sem fannst ekki. Allar minjarnar eru á suðurhluta svæðisins.

Samkvæmt lögum um menningarminjar eru allar minjar eldri en 100 ára skilgreindar sem fornleifar og njóta friðhelgi þannig að gæta skal 15 metra fjarlægðarmarka í kringum þær í allar áttir.¹¹

Vörður [200] og [201] standa á klettum við lóðamörk Brekkukots og Deildartungu. Báðar vörðurnar eru nýlega hlaðnar en önnur þeirra, Skjóðu-Jónsvarða [200], var endurhlaðin í stað gömlu Skjóðu-Jónsvörðu, sem hafði hrunið, og gegnir enn hlutverki landamerkis á sama stað. Þar með er minjagildi hennar mikið. Varða [201] telst hins vegar ekki til fornleifa.

Vörður [202] og [203] standa á hæð við hornmerki Brekkukots, Deildartungu, Hurðarbaks og Grafar. Báðar eru hrundar en minjagildi þeirra er mikið, einkum þeirrar heillegri, Þrívörðu [202]. Þessar vörður gætu verið tvær af Þrívörðum sem nefndar eru í heimildum en þriðja varðan [206] var ekki sjáanleg á vettvangi. Gæta þarf að fjarlægðarmörkum í kringum þessar minjar.

Hleðsla [204] er undir hluta vegarins upp að Brekkuhvammi, sem áður var þjóðvegur. Hleðslan er á mörkum þess að teljast til fornleifa en hún er í góðu ásigkomulagi og gegnir enn sínu upprunalega hlutverki. Minjagildi hleðslunnar er töluvert og taka þarf tillit til hennar við framkvæmdir. Leið [205] liggur til norðurs frá Borgarfjarðarbraut neðan við og samhliða

¹⁰ Loftmyndir AMS 1945-1946.

¹¹ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 22. gr.

gamla þjóðveginum. Uppmæling leiðarinnar gæti dugað en Minjastofnun tekur ákvörðun um það.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Ágústa Edwald, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason, Kristborg Þórsdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson. (2023). *Holtavörðuheiðarlína 1: Fornleifaskráning vegna úttektar á línukostum*. Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir. FS904-21191. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (IV). (1925 & 1927). Kaupmannahöfn: Hið Íslenska fræðafjelag.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835–1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

Loftmyndir AMS 1945-1946.

Lög um menningarminjar nr. 80. (2012, 29. júní). Sótt 26. september 2024 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Brekkukot AG: Örnefnaskrá Brekkukots. [Ekkert ártal]. Ari Gíslason skráði.


Ö-Brekkukot viðb. og aths.: Örnefnaskrá Brekkukots, viðbætur og athugasemdir. (1971). Steinar Matthíasson skráði eftir Laufeyju Hannesdóttur.

Ö-Deildartunga AG: Örnefnaskrá Deildartungu. [Ekkert ártal]. Ari Gíslason skráði.

Þjóðskjalasafn Íslands

Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu I [1922-1923]. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu II [1923-1993]. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.



Brekkukot
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

0 15 30 60 90 120
metrar



Antikva ehf.

Skráning: Þóra M. Hallgrímsdóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Dagsetning: 24.09.2024 vettvangsvinna